



Þátttaka lítilla og meðalstórra fyrirtækja í stöðlun

Hvernig viðskiptasamtök og staðlastofnanir geta aðstoðað við að vekja lítil og meðalstór fyrirtæki til vitundar um staðla, útvegað þeim viðeigandi upplýsingar og stuðlað að þátttöku þeirra í stöðlun.

Staðlar einfalda tilveru fyrirtækja og neytenda og auka jafnframt öryggi þeirra. Þeir nýtast vel til að bæta afköst, stuðla að bættri heilsu og auknu öryggi neytenda og starfsmanna með hliðsjón af umhverfissjónarmiðum og gera fyrirtækjum enn fremur kleift að fylgja viðeigandi lögum og reglum.

Staðlar greiða fyrir innleiðingu nýrrar tækni og nýsköpunar og tryggja að vörur, íhlutir og þjónusta sem mismunandi fyrirtæki veita séu gagnkvæm og samhæfð.

Enn fremur hvetja staðlar til opnari markaða með því að gera neytendum kleift að bera saman tilboð frá mismunandi birgjum og auðvelda þar af leiðandi litlum og ungum fyrirtækjum að keppa við stærri og rótgrónari fyrirtæki.

Á evrópskum vettvangi eru staðlar almennt þróaðir fyrir ýmiskonar vörur og þjónustu á breiðu sviði s.s. á sviði iðefna, mannvirkja, orkumála, matvæla, heilsu og öryggis, heimilistækja, upplýsingatækni, véla, fjarskipta og flutninga - til að gefa örfá dæmi.

Lítill og meðalstór fyrirtæki eru skilgreind sem fyrirtæki með færri en 250 starfsmenn. Þau eru 98% fyrirtækja í Evrópu og veita meira en 90 milljón einstaklingum í ESB atvinnu. Þrátt fyrir þetta eru minni líkindi á að lítill og meðalstór fyrirtæki komi með virkum hætti að þróun staðla en stærri fyrirtæki.

Til að tryggja það að staðlarnir mæti þörfum lítilla fyrirtækja er nauðsynlegt að lítill og meðalstór fyrirtæki fái upplýsingar um vinnu við gerð staðla og að hagsmuna þeirra sé fyllilega gætt við þróun, ritun og endurskoðun þeirra. Bæði staðlastofnanir og viðskiptasamtök¹ - sérstaklega þau sem eru í forsvari fyrir lítill og meðalstór fyrirtæki - gegna þar mikilvægu hlutverki.

Þessi útgáfa markar upphaf ritraðar með ráðleggingum er varða leiðir þar sem viðskiptasamtök og staðlastofnanir vinna saman á bæði innlendum og evrópskum vettvangi, með það að markmiði að gera staðlaferli skiljanlegra og aðgengilegra litlum og meðalstórum fyrirtækjum.

Ráðleggingarnar eru byggðar á dæmum um góðar starfsvenjur sem sótt voru til nokkurra mismunandi landa víða í Evrópu.

1. Í þessu samhengi á hugtakið „viðskiptasamtök“ við öll samtök sem byggja á félagsaðild sem þjóna og eru fulltrúi einkafyrirtækja, þ.m.t. (en ekki endilega takmörkuð við) lítil og meðalstór fyrirtæki.

Styrkt af:



stjórnarsviði fyrirtækja og iðnaðar
hjá framkvæmdastjórn ESB.



Aðgengi lítilla og meðalstórra fyrirtækja að stöðlun: 10 atriði sem viðskiptasamtök og staðlastofnanir geta stuðlað að

1 Koma á fót góðum tengiliðum og samskiptum á milli staðlastofnana og viðskiptasamtaka sem eru fulltrúar lítilla og meðalstórra fyrirtækja.

Stöðug upplýsingaskipti eru nauðsynleg til að tryggja að viðskiptasamtök þekki til þeirra staðla og stöðlunarstarfsemi sem gætu skipt félaga þeirra máli. Það er einnig mikilvægt að staðlastofnanir fái upplýsingar um þarfir og sjónarmið þeirra fyrirtækja sem starfa á hverju sviði fyrir sig. Viðskiptasamtök á landsvísu ættu að miða að því að vera í reglulegu sambandi við þá aðila hjá landsstaðlastofnuninni sem eru ábyrgir fyrir þeim sviðum sem félagar þeirra starfa á. Á sama hátt þurfa viðskiptasamtök á evrópskum vettvangi að vera í sambandi við rétta aðila innan evrópskra staðlastofnana (Staðlasamtök Evrópu (CEN), Rafstaðlasamtök Evrópu (CENELEC) og/eða Fjarskiptastaðlastofnun Evrópu (ETSI)).

2 Skapa vettvang fyrir regluleg skoðanaskipti á milli staðlastofnana og viðskiptasamtaka sem eru í forsvari fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki.

Margar landsstaðlastofnanir hafa nú þegar yfir að ráða sérstökum nefndum eða vinnuhópum sem beina kröftum sínum að því að skoða þarfir og sjónarmið lítilla og meðalstórra fyrirtækja og tryggja að tekið sé tillit til þeirra við skipulag vegna yfirstandandi og/eða fyrirhugaðrar vinnu við gerð staðla. Slíkur vettvangur nýtist vel til að viðhalda áframhaldandi skoðanaskiptum hjá viðskiptasamtökum sem eru í forsvari fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki, þar sem skipst er á upplýsingum um nýlega og fyrirhugaða þróun á mismunandi sviðum og þar sem fjallað er um þverlæg málefni sem eiga við fleiri en eitt svið. Það skilar mestum árangri að hittast reglulega.

3 Samræma söfnun og miðlun upplýsinga um staðla og stöðlunarstarfsemi.

Innan hvers viðskiptasamtaka er nauðsynlegt að fylgjast náið með þróun er varðar staðla sem gætu vakið áhuga félaga og til að samræma þátttöku samtakanna og meðlima þeirra í vinnu við gerð staðla. Mörg viðskiptasamtök eru með sérstakar nefndir sem bera ábyrgð á framkvæmd þessara verkefna og tryggja að viðeigandi upplýsingum sé miðlað til meðlimanna. Þetta er sérstaklega mikilvægt fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki, sem í flestum tilfellum hafa ekki burði til að vakta alla þróun á sviði staðla sem gæti haft áhrif á starfsemi þeirra.

4 Tryggja að tekið sé tillit til þarfa og óska lítilla og meðalstórra fyrirtækja.

Vinna við gerð staðla er yfir höfuð opin öllum hagsmunaaðilum sem æskja þátttöku. Þó hafa mörg lítil fyrirtæki ekki getu og/eða fjármagn til að leggja sitt af mörkum til stöðlunar. Viðskiptasamtök gegna því mikilvæga hlutverki að tryggja að hagsmunum meðlima þeirra sé komið á framfæri á meðan á þróun, ritun og endurskoðun staðlanna stendur - á landsvísu sem og á evrópskum og alþjóðlegum vettvangi.

5 Gera viðeigandi upplýsingar aðgengilegar á tungumáli hvers lands.

Vegna kostnaðar geta landsstaðlastofnanir ekki alltaf tryggt það að allir staðlar séu aðgengilegir á opinberu tungumáli hvers lands. Viðskiptasamtök geta aðstoðað með því að miðla upplýsingum um staðla og stöðlunarstarfsemi til meðlima sinna, sem og að bera kennsl á hvaða staðlar ættu að vera í forgangi til þýðingar.

6 Skipuleggja þjálfun sem skiptir lítil og meðalstór fyrirtæki máli.

Ýmiss konar viðburðir á sviði starfsþjálfunar, svo sem námskeið og málstofur eru skipulagðir af staðlastofnunum, oft í samráði við viðskiptasamtök, á staðbundnum, svæðisbundnum, innlendum eða evrópskum vettvangi. Þjálfunin veitir mikilvægt tækifæri fyrir stjórnendur og sérfræðinga sem vinna fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki til að fræðast um staðla og stöðlun. Hún getur lagt áherslu á tiltekin viðfangsefni er varða sérstaklega lítil og meðalstór fyrirtæki, eða fyrirtæki sem starfa á tilteknum sviðum.

7 Búa til hagnýta leiðarvísa til að upplýsa fyrirtæki um hvernig eigi að nota og innleiða staðla.

Mörg viðskiptasamtök og stofnanir í atvinnulífinu útbúa og gefa út leiðarvísa til að upplýsa félaga sína um viðeigandi staðla, kosti þess að nota þá og hvernig eigi að innleiða þá. Slíkir leiðarvísar eru einstaklega nytsamlegir fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki, einkum þegar þeir eru klæðskerasniðnir fyrir þarfir fyrirtækja sem starfa á ákveðnum sviðum. Þeir leggja einnig sitt af mörkum til að auka almenna vitund og skilning á stöðlum og stöðlun.

8 Þróa vefból sem gera upplýsingar um staðla aðgengilegar litlum og meðalstórum fyrirtækjum.

Staðlastofnanir nota Netið til að auðvelda aðgengi fyrirtækja að upplýsingum um staðla er varða þeirra svið. Vefból geta einnig auðveldað litlum og meðalstórum fyrirtækjum að fræðast um komandi og yfirstandandi vinnu við gerð staðla og taka þátt í samráði á Netinu um drög að stöðlum. Viðskiptasamtök hafa hlutverki að gegna í að tryggja að meðlimir þeirra séu meðvitaðir um hvaða töl séu til og hvernig þeir geti nýtt sér þau til fullnustu.

9 Veita ráðgjöf og sérþekkingu sem er í samræmi við sérstakar þarfir lítilla og meðalstórra fyrirtækja.

Viðskiptasamtök veita félögum sínum viðeigandi upplýsingar og leiðsögn varðandi margskonar málefni sem tengjast stöðlum og stöðlun. Þau eru vel í stakk búin til að takast á við tilteknar fyrirspurnir og koma á samstarfi milli einstakra fyrirtækja og staðlastofnana. Minni fyrirtæki treysta sérstaklega á viðskiptasamtök til að veita þeim nákvæm svör og viðeigandi ráðgjöf.

10 Bjóða samstæður af stöðlum sem skipta máli fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki á tilteknum sviðum.

Staðlastofnanir geta verið í samstarfi við viðskiptasamtök og veitt þjónustu svo sem samstæður, pakka og áskriftir sem eru klæðskerasniðnar til að mæta þörfum lítilla og meðalstórra fyrirtækja og sem auðvelda þeim (og gera ódýrari) innkaup á stöðlum sem þau óska eftir. Notendavæn framsetning, svo sem leiðbeiningar sem passa í vasa, geta einnig gert staðla aðgengilegri.





Evrópustaðlar: opnun á innri markaði fyrir fyrirtæki

Staðlar gegna einkar mikilvægu hlutverki í regluramma innri markaðar Evrópu (Evrópska efnahagssvæðinu), þar með talin eru öll aðildarríki Evrópusambandsins auk nokkurra nágrannalanda. Til að innri markaðurinn geti starfað tilhlýðilega þarf að samræma staðla svo að vörur og þjónusta geti gengið kaupum og sölum yfir landamæri.

Evrópustaðlar eru auðkenndir með bókstöfunum „EN“. Þeir eru viðurkenndir í öllum 33 Evrópulöndunum þar sem það er skylda að afturkalla sérhvern landsstaðal sem samræmist ekki Evrópustaðli. Þetta þýðir að sérhvern íhlut, vöru eða þjónustu sem er í samræmi við viðeigandi Evrópustaðla ber að viðurkenna í öllum þátttökulöndunum.

Viðurkennt er að þrjár evrópskar staðlastofnanir hafa nægilega getu og sérþekkingu til að þróa evrópska staðla (EN). Þær eru: CEN (Staðlasamtök Evrópu), CENELEC (Rafstaðlasamtök Evrópu) og ETSI (Fjarskiptastaðlastofnun Evrópu).

Evrópustaðlar (EN) verða til í samráðsferli á milli tæknisérfræðinga sem tilnefndir eru af fyrirtækjum og atvinnugreinum, rannsóknarstofnunum, neyendasamtökum, umhverfissamtökum og öðrum samfélagslegum hagsmunaaðilum. Innan Staðlasamtaka Evrópu og Rafstaðlasamtaka Evrópu eru þessir staðlar samþykktir með atkvæðagreiðslu meðal landsstaðlastofnana.

**Þessi bæklingur er gefinn út sem hluti af verkefninu
Stöðlunarverkfærasett fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki (SMEST)**

Frekari upplýsingar um þetta verkefni má sjá á: www.smest.eu

Evrópskir SMEST samstarfsaðilar

CEN - Staðlasamtök Evrópu
CENELEC - Rafstaðlasamtök Evrópu
www.cencenelec.eu

Sjá einnig Gátt fyrir lítil fyrirtæki í Evrópu
http://ec.europa.eu/small-business/index_en.htm

**Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna -
Stjórnardeild fyrirtækja**
http://ec.europa.eu/enterprise/policies/sme/index_en.htm

EFTA - Fríverslunarsamtök Evrópu
www.efta.int

**NORMAPME - Stöðlunarskrifstofa evrópskra
handverks- og iðnaðarmanna og lítilla og
meðalstórra fyrirtækja**
www.normapme.eu

